

Til kirkjuþingsfulltrúa og þeirra sem seturétt hafa á kirkjuþingi.

Reykjavík, 20. ágúst 2021

*Um sérstakt hæfi kirkjuþingsfulltrúa og skyldu til að víkja sæti í ákvæðnum tilvikum*

Í nýjum þjóðkirkjulögum nr. 77/2021 eru m.a. þau nýmæli að kirkjuþingsfulltrúum er skylt að víkja sæti við tiltekna aðstæður. Þá voru enn fremur sett sérstök ákvæði sama efnis í starfsreglur kirkjuþings um þingsköp á kirkjuþingi 2020. Ákvæði þessi eru tilgreind á fylgiskjali með bréfi þessu.

Tilgangur reglna um sérstakt hæfi er að tryggja sé að ákvarðanir séu teknar á grundvelli málefnalegra ástæðna. Einnig að þess sé gætt að traust og trúverðugleiki ríki í stjórn kirkjunnar.

Forseta kirkjuþings og forsætisnefnd ber að gæta þess að fulltrúi eða fulltrúar víki sæti ef við á.

Á komandi aukakirkjuþingi þann 27. ágúst nk. verða tekin fyrir þrjú mál og hafa þau verið lögð fram í gagnaherbergi kirkjuþings.

Augljóst er að nú sem endranær verður fjallað um mikla ábyrgð og mikilvæga hagsmuni þjóðkirkjunnar sem kirkjuþingi er trúað fyrir.

Forseti biður alla kirkjuþingsfulltrúa og þá sem seturétt eiga á kirkjuþingi, að hyggja að sérstöku hæfi sínu til meðferðar hvers og eins þingmáls, með hliðsjón af meðfylgjandi lögum og reglum og gera þá forseta viðvart ef viðkomandi telur sig þurfa að víkja sæti við meðferð tiltekins máls.

Sá, eða þeir, sem telja sig þurfa að víkja, geta að sjálfsögðu sent forseta kirkjuþings skriflega greinargerð um afstöðu sína til málsins og verður hún birt kirkjuþingsfulltrúum í gagnaherbergi þingsins.

Virðingarfyllt,



Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings

Fylgiskjal með bréfi forseta kirkjuþings, dags. 20. ágúst 2021, til kirkjuþingsfulltrúa og þeirra sem seturétt eiga á kirkjuþingi

## Yfirlit yfir gildandi reglur um sérstakt hæfi fyrir kirkjuþingsfulltrúa og þá sem eiga seturétt á kirkjuþingi

### I. Lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021

7. gr:

3. málsg:.

Við afgreiðslu mála á kirkjuþingi er varða fjárstjórnarvald skulu þeir þingfulltrúar sem hagsmuna hafa að gæta í tilteknu máli víkja sæti. Um sérstakt hæfi þingfulltrúa fer eftir starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 8. gr. Má í þeim reglum kveða svo á um að þingið sé ályktunarhæft, óháð fjölda fulltrúa, við afgreiðslu þeirra. Rísi ágreiningur um túlkun þessarar málsgreinar sker forseti þingsins úr.

### II. Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009

33. gr.

3. málsg:.

Kirkjuþingsfulltrúar skulu í störfum sínum fylgja ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum, um sérstakt hæfi, eins og við getur átt. Forsætisnefnd gætir þess að fulltrúi eða fulltrúar sem kunna að vera vanhæfir til meðferðar tiltekins þingmáls víki sæti. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að kirkjuþing verði ekki ályktunarhæft. Skulu þá allir kirkjuþingsfulltrúar taka ákvörðun um hæfi kirkjuþingsfulltrúa þeirra, sem í hlut eiga.

4. málsg:.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er kirkjuþing ályktunarhæft þótt fleiri en 1/3 kirkjuþingsfulltrúa víki sæti.

### III. Stjórnarsýslulög nr. 37/1993

II. kafli. Sérstakt hæfi.

3. gr. *Vanhæfisástæður.*

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. (Á ekki við um kirkjuþing).
5. Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.

6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

4. gr. *Áhrif vanhæfis.*

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

5. gr. *Málsmeðferð.*

Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.

Yfirmaður stofnunar ákveður hvort starfsmanni hennar beri að víkja sæti. Í þeim tilvikum, er vafi kemur upp um hæfi yfirmanns stofnunar, tekur hann sjálfur ákvörðun um hvort hann víkur sæti.

Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnarsýslunefndar á þeim.

Stjórnarsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnarsýslunefndin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.